

## REGLUGERÐ

### um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð.

#### 1. gr.

##### *Styrkir til kaupa á heyrnartækjum.*

Einstaklingar 18 ára og eldri sem eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu  $\geq 30$  dB  $< 70$  dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz eiga rétt á styrk að fjárhæð 30.800 kr. frá Tryggingastofnun ríkisins vegna kaupa á heyrnartækjum hjá rekstrarleyfishöfum, sbr. reglugerð um sölu heyrnartækja

Hver einstaklingur getur mest notið styrkja hjá Tryggingastofnun ríkisins eða greiðsluþátttöku hjá Heyrnar- og talmeinstöð, sbr. reglugerð um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinstöð útvegar, fyrir tvö heyrnartæki, eitt fyrir hvort eyra, á hverju fjögurra ára tímabili. Heimilt er að víkja frá þessu ef heyrn breytist umtalsvert að mati háls-, nef- og eyrnalæknis þannig að talin er nauðsyn á nýju heyrnartæki. Framvísa skal vottorði því til staðfestingar.

Heyrnar- og talmeinstöð skal miðla upplýsingum til Tryggingastofnunar ríkisins um greiðsluþátttöku í heyrnartækjum sem Heyrnar- og talmeinstöð útvegar.

#### 2. gr.

##### *Umsóknir til Tryggingastofnunar ríkisins.*

Sækja skal um styrk vegna kaupa á heyrnartækjum hjá rekstrarleyfishöfum til Tryggingastofnunar ríkisins. Með umsókn um styrk skal fylgja greiðslukvittun frá söluaðila og niðurstöður heyrnarmælinga, framkvæmdar af háls-, nef- og eyrnalækni eða heyrnarfræðingi sem hlotið hefur fullnægjandi menntun sem slíkur, sem sýna að umsækjandi uppfylli skilyrði 1. mgr. 1. gr. Sé heyrnarmæling ekki framkvæmd af háls-, nef- og eyrnalækni eða löggiltum heyrnarfræðingi þarf jafnframt vottorð háls-, nef- og eyrnalæknis þar sem staðfest er að viðkomandi hafi þörf fyrir heyrnartæki.

Tryggingastofnun ríkisins getur ákveðið að umsóknir skuli gerðar á sérstökum eyðublöðum sem stofnunin útbýr.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 4. mgr. 37. gr. a og 4. mgr. 37. gr. b laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu og 33. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 1117/2006, um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð.

Þeir sem hafa keypt heyrnartæki hjá rekstrarleyfishafa, samanber reglugerð um sölu heyrnartækja, eftir 1. janúar 2007 og uppfylla skilyrði 1. gr. eiga rétt á styrk frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt reglugerð þessari.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. febrúar 2007.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*